

Sp.

101. Tillaga til þingsályktunar

[91. mál]

um aukna nýtingu silungastofna.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Sverrir Hermannsson,
Pétur Sigurðsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ástand íslensku silungastofnanna og beita sér fyrir stóráukinni nýtingu þeirra í öllum þeim vötnum, sem hæf þykja til slíks, hvort heldur er í byggðum eða óbyggðum.

Greinargerð.

Á síðari árum og áratugum hafa augu Íslendinga opnast fyrir því að nýta auðlindir landsins sem best, enda hafa ýmsir möguleikar skapast í því sambandi.

Eitt af því, sem telja má til auðlinda á Íslandi, eru stöðuvötnin í byggðum og óbyggðum. Áttatíu þessara vatna eru yfir ferkílómetra (km²) að stærð og þau, sem fisk fóstara, munu skipta hundruðum. Má ætla að árleg framleiðslugeta þeirra nemi þúsundum tonna af silungi.

Eins og á stendur eru velflest stöðuvötn á Íslandi sáralítið eða ekkert nýtt. Segja má að íslensku silungastofnarnir og stöðuvötnin hafi fallið í skuggann fyrir hinni árangursríku laxarækt í fallvötnunum. Á þeim árum, sem Íslendingar börðust við hungurvofuna, var sóknin í veiðivötnin mun meiri og silungastofnunum víða haldið í hæfilegri stærð, þannig að fiskarnir náðu eðlilegum þroska. En eftir því sem fæðuöflun fólks varð auðveldari minnkaði sóknin í veiðivötnin og offjölgun silungastofnanna kom til, með þeim afleiðingum að þar sem svo stendur á er silungurinn óhæfur til manneldis. Með tilliti til þess, að eðlileg byggð haldist í sveitum landsins, og þess ástands, sem nú ríkir í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðarins, hlýtur að vera skynsamlegt að hefjast handa um mun betri nýtingu á silungastofnunum. Slík nýting hlýtur að bjóða upp á mörg atvinnutækifæri og mikla verðmætasköpun í fjölbreyttri matvælaframleiðslu bæði fyrir innlenda og erlenda markaði. Auk þessa eru fyrirsjáanlegir næsta takmarkalitlir möguleikar á aukinni sportveiði. En til þess að sú nýting, sem hér um ræðir, geti farið fram þarf að leysa mörg verkefni og þyrfti að stefna á vissa áfanga hvað það snertir á næstu árum.

Hvað viðkemur sjálfum silungastofnunum þarf að kanna ástand þeirra og bæta það samkvæmt því sem við á, t. d. með fækkunum, kynbótum og stofnskiptum í vötnum. Þá má og trúlega víða bæta lífsskilyrði í vötnum með litlum tilkostnaði og e. t. v. flytja silunga í fiskilaus vötn. Varðandi sportveiði á vötnum þarf að stór- auka kynningarstarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, einnig bæta aðstöðu í sambandi við vötnin með lagningu vega, byggingu sumarhúsa og fjölgun báta með fullkomnum öryggisútbúnaði.

Eðlilegt má teljast að sú rannsókn- og leiðbeiningaþjónusta, sem hér þarf til að koma, nái einnig til sjógöngusilunga, þótt þessi tillaga beinist fyrst og fremst að nýtingu vatnasilungs.